

Berist til:

Starfshóps til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.

I.

Þann 2. september sl. barst Fljótsdalshreppi tölvupóstur frá starfshópi til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneytisins um nýtingu vindorku (hér eftir starfshópurinn) þar sem skipun og verkefni hans voru kynnt.

Fram kemur í póstinum að í skipunarbréfi starfshópsins sé sérstaklega tiltekið að hann skuli vinna náið með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga við undirbúning tillagna sinna og frumvarps. Þá sé gert ráð fyrir samráði við hagaðila, hlutaðeigandi ráðuneyti eða stofnanir eftir því sem við eigi.

Á þessum grundvelli er sveitarfélögum, þar á meðal Fljótsdalshreppi, gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum þegar í upphafi ferilsins og frestur veittur til 30. september nk.

Fljótsdalshreppur tekur undir það sem fram kemur í póstinum að brýnt sé að sem flest sjónarmið og skoðanir um málefnið liggi fyrir hjá starfshópnum þegar frá upphafi vinnu hans og að framvinda verkefnisins byggi meðal annars á gagnkvæmum samskiptum aðila.

Með tölvupósti frá 2. september sl. upplýsti Samband Íslenskra sveitarfélaga um fund sem fulltrúar þess höfðu átt með starfshópnum daginn áður en þar segir m.a.:

„Í skipunarbréfi starfshópsins er óskað eftir að starfshópurinn hugi m.a. að eftirfarandi spurningum og álitaefnum:

- Hvort rétt sé að virkjunarkostir í vindorku heyri áfram undir lög nr. 48/2011, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða að þeir verið undanskildir þeim lögum, en að settar verði sérreglur um meðferð slíkra virkjunarkosta.
- Hvernig haga eigi samspili hagnýtingar vindorku og skipulags- og leyfisveitingarferli þegar í hlut eiga viðkvæm svæði eða viðkvæmir þættir, eins og áhrif á náttúrufar og friðlýst svæði, fuglalif, ferðamennsku, grenndarrétt eða önnur sjónarmið.
- Hvernig ná eigi fram þeirri áherslu í stjórnarsáttmála að vindorkuver byggist helst upp á afmörkuðum svæðum nærrí tengivirkjum og flutningslinum.
- Hvernig ná megi fram sem breiðastri sátt um hagnýtingu vindorku meðal landsmanna eins og einnig er fjallað um í stjórnarsáttmála.
- Hvort horfa eigi til þess að hið opinbera hafi með höndum einhvers konar forgangsröðun einstakra virkjunarkosta, heildarfjölda eða heildarstærð leyfðra vindorkuvera eða setji aðrar mögulegar skorður við vindorkunýtingu og fyrirkomulagi vindorkuvera.
- Hvernig rétt sé að haga ákvörðunar- og leyfisveitingarferli virkjunarkosta í vindorku.
- Hvernig best sé að haga gjaldtöku vegna hagnýtingar vindorku.

Umsagnir sveitarfélaga um málið geta beinst að framangreindum atriðum en þurfa vitaskuld ekki að einskorðast við þau ein. Benda má t.d. á að það væri gagnlegt fyrir starfshópinn að fá upplýsingar um:

- Hvort stefna um vindorkunýtingu hafi verið samþykkt í aðal- eða svæðisskipulagi sveitarfélaga, svo sem um landsvæði sem hentað geti til slíkrar landnýtingar eða almennar línlínur um hvaða skilyrði slík starfsemi þurfi að uppfylla

- *Hvort áform séu um að vinna eða endurskoða slíka stefnu á því kjörtímabili sem nú er hafið*
- *Hvort mikil ásókn sé í að virkja vindorku í viðkomandi sveitarfélagi*
- *Hvort afstaða íbúa hafi verið könnuð til slíkra áforma*
- *Hvort sveitarstjórn hafi almennt mótað sér afstöðu til vindorkunýtingar*
- *Önnur atriði sem sveitarstjórn telur skipta máli.“*

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps fjallaði um framangreint erindi á fundi sínum þann 6. september sl. og fóli sveitarstjóra og lögfræðingi sveitarfélagsins að koma sjónarmiðum og áherslum sveitarfélagsins.

II.

Fjallað verður um sjónarmið og áherslur Fljótsdalshrepps með vísan til efnispunkta í pósti Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrst verður fjallað um þau atriði sem sambandið bendir á að gagnlegt væri fyrir starfshópinn að fá upplýsingar um.

1. Vindorkunýting í aðal- og svæðisskipulagi.

Í gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshrepps fyrir tímabilið 2014-2030 er ekki vikið að nýtingu vindorku innan marka sveitarfélagsins. Ekki er fyrir hendi svæðisskipulag þar sem fjallað er um slíka nýtingu í sveitarfélagini. Vinna við gerð svæðisskipulags fyrir Austurland 2022 – 2044 er á lokastigi og er þar svohljóðandi almenn stefnumörkun í kafla stefnu um orku, fjarskipti og fráveitu:

„Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og winds til orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag.“

Svo sem kunnugt er, eru ýmis mannvirkir Kárahnjúkavirkjunar í sveitarfélaginiu þ.á.m. stöðvarhús virkjunarinnar í landi Valþjófsstaðar í Norðurdal auk tengivirkis og raflína sem liggja þaðan í álver Fjarðaáls á Reyðarfirði. Sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun var gert árið 2002 og sérstakt deiliskipulag Kárahnjúkavirkjunar 2003. Þá var gert svæðisskipulag fyrir Fljótsdalsslínu 3 og 4 sem tók gildi á árinu 2001. Í gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshrepps eru afmörkuð iðnaðarsvæði til framangreindrar starfsemi sem tekur mið af framangreindum svæðisskipulagsáætlunum.

Í Fljótsdalshreppi er því stunduð umfangsmikil starfsemi á sviði raforkuframleiðslu og flutnings raforku og því innviðir fyrir hendi til slíkrar starfsemi. Um sveitarfélagið fara eftirfarandi háspennulínur:

- Fljótsdalsslína 2, 132 kV, frá tengivirki í Fljótsdal um Hallormsstaðaháls að tengivirki í Skriðal. Fyrsti hluti línumnar, frá Fljótsdalsstöð að Brattagerði, er jarðstrengur.
- Fljótsdalsslínur 3 og 4. Tvær 220/400 kV línur frá tengivirki í Fljótsdal yfir Hallormsstaðaháls og Skriðal til Reyðarfjarðar, annars vegar um Hallsteinsdal og hins vegar um Þórudal.
- Kröflulína 2, 132 kV frá tengivirki í Kröflustöð um Fljótsdalsheiði að tengivirki í Fljótsdal.
- Kröflulína 3, 220 kV, frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirki í Fljótsdal, samhliða Kröflulínu 2.

Með hliðsjón af því sem fram kemur í stjórnarsáttmála má því ætla að aðstæður í Fljótsdalshreppi gætu fallið að því markmiði að vindorkuver verði byggð upp á „afmörkuðum svæðum nærrí tengivirkjum og flutningslínum þar sem unnt verði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif“.

2. Áform um stefnumörkun um vindorkunýtingu á yfirstandardi kjörtímabili.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um slíka stefnumörkun og má vænta að slík áform ráðist að verulegu leyti af því hvernig löggjöf verður sett vindorkunýtingu að lokinni vinnu starfshópsins.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Fljótsdalshreppur og Copenhagen Infrastructure Energy Transition Fund I K/S (CIP/OGA) undirrituðu viljayfirlýsingu 2. mars 2022 þar sem segir um tilgang hennar:

„Aðilar að viljayfirlýsingu þessari lýsa yfir vilja sínum til að eiga samstarf vegna áforma OGA um rannsóknir og mögulega uppbyggingu og rekstur vindorkugarðs í Fljótsdalshreppi og samhliða eiga samstarf um að skoða tækifæri til þróunar og uppbyggingar á annarri atvinnustarfsemi í sveitarfélagini sem tengist verkefninu beint eða óbeint s.s. vegna tækninýjunga, hráefna sem til falla eða hagkvæmrar nýtingar raforku.

OGA mun kynna Fljótsdalshreppi meginþætti áforma sinna í þessu sambandi og hvernig þeim vindur fram þ.á.m. að upplýsa um niðurstöður rannsókna og mælinga sem OGA framkvæmir eða lætur framkvæma. Fljótsdalshreppur mun samhliða meta hvort og hvernig áform OGA samrýmast hagsmunum sveitarfélagsins, íbúa þess og þeiri atvinnustarfsemi sem fyrir er svo og hugmyndum sveitarstjórnar og íbúa um þróun og framtíðarsýn sveitarfélagsins. Fljótsdalshreppur mun kynna OGA afstöðu sína í þeim eftum eins fljótt og kostur er og verði afstaðan jákvæð, vinna að þeim þáttum verkefnisins sem að sveitarfélagini að snúa til að það geti fengið brautargengi, ef önnur skilyrði verða fyrir hendi, svo sem í skipulagsmálum, útgáfu leyfa og eftir atvikum fleiri þáttum sem mögulega lenda á borði sveitarfélaga við fyrirhugaða endurskoðun á regluverki um uppbyggingu og rekstur vindorkugarða af því tagi sem hér um ræðir.

Svo sem kunnugt er tengist sú rafmagnsframleiðslu sem þarna um ræðir áætlunum um byggingu rafeldsneytisverksmiðju á Reyðarfirði.

3. Ásókn í virkjun vindorku í Fljótsdalshreppi.

Um þetta efni má í meginatriðum vísa til 2. tl. að framan. CIP hefur eins og þar kemur fram sýnt mikinn áhuga á virkjun vindorku í Fljótsdalshreppi og hefur verið í talsverðum samskiptum bæði við sveitarstjórn og landeigendur um þau efni.

Aðrir aðilar hafa ekki leitað eftir slíku samstarfi en tekið skal fram að framangreind viljayfirlýsing útilokar ekki mögulegt samstarf beggja aðila við aðra.

4. Afstaða íbúa Fljótsdalshrepps til nýtingar vindorku í sveitarfélagini.

Ekki hefur farið fram almenn athugun á afstöðu fólks í Fljótsdal til starfsemi á svíði vindorku í sveitarfélagini. Fyrir liggur að allstór hópur landeigenda í sveitarfélagini hefur staðfest áhuga á því að skoða möguleika til að ráðstafa landi til slíkrar starfsemi.

5. Almennt um afstöðu sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps til vindorkunýtingar.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur ekki tekið formlega afstöðu til þess hvort hún telji að bygging og rekstur vindorkuvers í sveitarfélagini sé samfélagini til hagsbóta.

Á hinn bóginn er til þess að líta að í framangreindri viljayfirlýsingu sveitarfélagsins og CIP felst að sveitarstjórn er tilbúin að skoða það með opnum hug hvort slík starfsemi geti verið jákvæð fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Hafa ber í huga að í Fljótsdalshreppi er fyrir hendi þekking og reynsla á svíði samstarfs við virkjunaraðila og verktaka við uppbyggingu og reksturs umfangsmikilla mannvirkja til

raforkuframleiðslu og sveitarfélagið og íbúar þess í vel í stakk búnir til að fjalla um og taka afstöðu til slíkra mála.

Eins og áður greinir má vænta að endanleg afstaða sveitarfélagsins og íbúa þess ráðist ekki hvað síst af efni þeirrar löggjafar sem stefnt er að verði afrakstur vinnu starfshópsins.

6. Önnur atriði sem máli skipta.

Að mati sveitarfélagsins er mikilvægt að við lagasetningu og undirbúning hennar verði hugað vel að hlutverki sveitarfélaga við þróun og uppbyggingu nærumhverfis síns, umhverfismálum, sjálfstæði sveitarfélaga, atvinnufrelsí og inntaki eignarréttar landeigenda.

III.

Í þessum hluta verður vikið að þeim atriðum sem upp eru talin í skipunarbréfi starfshópsins.

1. Eiga virkjunarkostir í vindorku að heyra áfram undir lög nr. 48/2011.

Eins og fram hefur komið segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að setja skuli sérstök lög um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku.

Frá því stjórnarsáttmálinn var gerður hefur staða heimsmála breyst þannig að það er jafnvel enn meiri þörf fyrir skilvirkni þegar kemur öflun grænni orku og vernd mannréttinda með vestrænum gildum.

Fljótsdalshreppur styður bæði þá fyrirætlan að setja sérstök lög um nýtingu vindorku og tengd málefni og einnig að þeim lögum verði hátt að þannig að uppbygging vindorkuvera geti orðið skilvirk. Með hliðsjón af reynslu af framkvæmd laga nr. 48/2011 er vandséð að unnt verði ná markmiðum ríkisstjórnarinnar og nauðsynlegri skilvirkni með því fyrirkomulagi sem tilgreind lög kveða á um og því væri heppilegra að hafa sérreglur um virkjun vindorku.

2. Samspli hagnýtingar vindorku og skipulags- og leyfisveitingaferlis þegar um viðkvæm svæði eða viðkvæma bætti ræðir.

Það er eins og endranær við nýtingu náttúruauðlinda flókið og vandasamt viðfangsefni að finna þann gullna meðalveg sem þarf að feta í þessum efnum. Almennt séð hlýtur það að vera markmið að leitast við að velja svæði til uppbyggingar og reksturs vindorkuvera þar sem skilyrði eru hagstæð til slíkrar starfsemi og þar sem mannvirki og starfsemin telst ásættanlegt út frá umhverfisáhrifum.

Miðað við stöðu mála og fyrirætlanir um að auka raforkuframleiðslu með vindorku telur Fljótsdalshreppur að ekki ætti að ganga lengra en nú er gert í skipulags- og umhverfismatsferli í skipulagslögum og lögum mat á umhverfisáhrifum við undirbúning framkvæmda og mannvirkjagerðar sem getur haft meiriháttar áhrif umhverfið og breyta ásýnd þess.

3. Áhersla stjórnarsáttmála um uppbyggingu vindorkuvera á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslinum.

Það skal fyrst tekið fram að tekið er undir þá stefnumörkun að horfa fremur til þess að hafa vindorkuver á afmörkuðum og heppilegum svæðum út frá orkuvinnslu, flutningsmöguleikum og umhverfisáhrifum.

Á þessu stigi hefur Fljótsdalshreppur ekki tillögur eða hugmyndir um hvernig þessu markmiði verði best náð en leggur áherslu á að sveitarfélögin og aðrir aðilar í nærumhverfi vindorkuvera hafi raunverulegt hlutverk í því ákvörðunarferli.

4. Breið sátt meðal landsmanna hagnýtingu vindorku.

Vafalaust má telja að skiptar skoðanir verði um það hvernig haga skuli þessum málum og spurning hvað telst felast í breiðri sátt. Eins og endranær yrði slíkri sátt vafalaust helst náð með málamiðlun þar sem tekið væri tillit til mismunandi sjónarmiða. Það er skoðun Fljótsdalshrepps að vænlegast í þessum efnunum sé að fela sveitarfélögum og nærumhverfi sem mest hlutverk.

Hvernig það verði best gert er atriði sem sveitarfélagið hefur ekki mótaðar tillögur eða hugmyndir um á þessu stigi.

5. Forgangsröðun hins opinbera á virkjunarkostum í vindorku og mögulegar takmarkanir út frá fjölda og staði.

Þegar hér er talað um hið opinbera er hér gert ráð fyrir að sveitarfélög teljist til þess. Af hálfu Fljótsdalshrepps er lögð áhersla á að sveitarfélög komi að þessari röðun þegar á frumstigi og eigi fulltrúa í verkefnastjórn eða öðru slíku sem hefði með slíka röðun að gera. Bent er á þann möguleika að slíkri verkefnastjórn sæti fulltrúi hvers landssambands sveitarfélaga enda veigamikill þáttur að reyna skapa jafnvægi og sátt um staðarval, fjölda og staði.

6. Ákvörðunar- og leyfisveitingaferli virkjunarkosta í vindorku.

Eins og fram hefur komið er meginhugmynd sem unnið er eftir að sett verði sérstök lög um nýtingu vindorku þar sem leitast verði við að einfalda og hraða málsmeyferð. Væntanlega er þar fyrst og fremst verið að vísa til að gildandi lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 tryggi ekki nægilega skilvirkni við uppbyggingu vindorkuvera.

Svo sem kunnugt er var lagt fram frumvarp á þinginu 2020/2021 sem hafði að geyma tillögur um viðbætur og breytingar á lögum nr. 48/2011 til að stuðla að skýrara, gagnsærra og einfaldara regluverki fyrir sjálfbæra nýtingu vindorku og byggði á skýrslu starfshóps um samspil vindorku og rammaáætlunar.

Að mati Fljótsdalshrepps er ýmis atriði í skýrslu starfshópsins, í framangreindu frumvarpi og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands sem vert er að skoða hvort hægt sé að vinna áfram með. Þar sem frumvarpið og þingsályktunartillagan náðu ekki fram að ganga verður hér dregin sú ályktun með hliðsjón af fyrirætlunum í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að ekki hafi þar verið gengið nógu langt við að tryggja skilvirkni í málsmeyferð við nýtingu vindorku hér á landi til raforkuframleiðslu. Verkefnið er því væntanlega að finna leiðir til að gera betur í þeim efnunum. Á þessu stigi hefur Fljótsdalshreppur ekki beinar tillögur um það efni en vill áréttu tvennt í í þeim efnunum.

Í fyrsta lagi að sveitarfélögin og landshlutasamtök þeirra eigi fulltrúa við flokkun og röðun virkjunarkosta í vindorku þegar á frumstigi t.d. í verkefnastjórn sem yrði á laggirnar með lögum um nýtingu vindorku.

Í öðru lagi að tryggt verði að endanlegt skipulagsvald um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera verði hjá hverju sveitarfélagi að því leyti að ekki verði skyldt að heimila slíka í aðalskipulagi nema það sé í samræmi við vilja sveitarfélagsins (meirihluta sveitarstjórnar og/eða íbúakosninga ef svo ber undir).

Ekki verður séð annað séð en almennar reglur um gerð skipulagsáætlana geti að öðru leyti gilt um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera sem og um mat á umhverfisáhrifum.

Það sama á við um leyfisveitingaferlið, þar ættu almennar reglur almennt að duga þannig að sveitarfélög þurfi m.a. að gefa út framkvæmda- og byggingaleyfi vegna slíkra framkvæmda og mannvirkja í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um mannvirkni.

7. Gjaldtaka vegna hagnýtingar vindorku.

Litið er svo á að með gjaldtöku í þessu samhengi sé átt við skatta og gjöld til opinberra aðila þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

Um það er fyrst að segja að nauðsynlegt er að gætt verði að því að sveitarfélög þar sem uppbygging og starfsemi vindorkuvera og þar sem mest umhverfisáhrif verða fái í sinn hlut fjármuni sem máli skipta fyrir það og íbúa þess. Vænta má að ef ekki verði frá þessu gengið með eðlilegum og tryggilegum hætti muni það hamla verulega nýtingu vindorku hér á landi.

Um þessi efni er fyrst til þess að taka að ekki verður séð að nein rök geti staðið til þess að undanþágu 3.tl. 26. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna verði viðhaldið varðandi vindorkumannvirki eða önnur rafveitumannvirki.

Öll rök hljóta að standa til þess að undanþága þessi verði felld niður að fullu og rafveitur, þ.m.t., vindorkumannvirki verði gerð matsskyld og verði gjaldstofn fyrir fasteignaskatta samkvæmt III. kafla laga II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Væntanlega koma til skoðunar einhverjar nýjar tegundir gjaldtöku (orku- og/eða auðlindaskattur). Á þessu stigi hefur Fljótsdalshreppur ekki mótaðar hugmyndir um hvernig slíkri gjaldtöku skuli háttæð að öðru leyti en rétt sé að slíkur skattur eða gjöld renni til þess sveitarfélags þar sem uppbygging og starfsemi vindorkuvers fer fram að minnsta kosti að verulegu leyti.

IV.

Af hálfu Fljótsdalshrepps er áhugi á því að sveitarfélagið verði virkur þáttakandi í samráði við starfshópinn, önnur sveitarfélög og samtök þeirra við undirbúning löggjafar sem ætlað er að setja um nýtingu vindorku til raforkuframleiðslu og tengd málefni. Vegna samstarfs sem hafið er við CIP við skoðun á uppbyggingu vindorkuvers og vegna fyrri reynslu af uppbyggingu raforkumannvirka í sveitarfélaginu og þeirra innviða sem sú uppbygging skapaði, getur það haft ýmislegt fram að færa í þessum efnum.

Végarði, 30. september 2022

The image shows a handwritten signature in black ink, appearing to read "Helgi Gíslason", positioned above a circular official seal. The seal is inscribed with "SVEITARSTJÓRI" at the top and "FLJÓTSDALSHREPPS" at the bottom. In the center of the seal is a stylized emblem featuring a shield with waves and a cross.